



Ársskýrsla Vífilsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ
Skólaárið 2014-2015



Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir
skólastýra

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	4
Skólastarfið í máli og tölum	4
Skóladagurinn og skipulag	5
Dagskrá og tímaskipulag	5
Nemendur	5
Yfirlit yfir kjarna, fjölda drengja, stúlkna og kjarnastarfsfólks	5
Fjöldatölur miða við búsetu	6
Starfsfólk og starfsmannamál	7
Almennt	8
Um stjórnun og starfsfólk	10
Skólahúsnæði	10
Kennsluhættir og starfið	10
Námskeiðsdagar	11
Leiðsagnarmat	11
Læsi til náms	11
Spjaldtölvur	11
Stærðfræði	11
Val	11
Kynjamál	12
Sérkennsla	12
Vettvangsferðir	12
Kynjanámskrá	12
Gestakennarar	12
Félagsmiðstöð	13
Foreldrasamstarf	13
Að leiðarlökum	14

Fylgt úr hlaði

Á hverju vori er vert að líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi skólans. Ársskýrslu skólans skólaárið 2014-2015 er ætlað að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem einkennir skólann og gefa yfirlit yfir hagnýt mál er snúa að daglegu starfi hans.

Skólastarfið í máli og tölum

Fimmta skólaár Vífilsskóla var sett í sjálfum skólanum inn á hverjum kjarna fyrir sig í rólegu og notalegu umhverfi með kennurum og stjórnendum mánudaginn 25 ágúst. Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar (kennsludagar) barna 180 og þá er um heila skóladaga að ræða því engir skertir skóladagar eru í starfseminni. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu, laugardaginn 1. nóvember og laugardaginn 28. febrúar en þá mæta börn í hús með foreldrum sínum og hitta kennarann sinn þar sem farið er saman yfir framvindu námsins. Jólaleyfi hófst 22. desember og kennsla hófst að nýju á nýju ári mánudaginn 5. janúar. Vetrarleyfi var í febrúar eins og venja er dagana 10.-13. febrúar og páskaleyfi stóð frá 30. mars til og með 6. apríl. Skipulagsdagar kennara voru fimm á skólaárinu. Þeir voru 12. september, 27. október, 2. janúar, 9. febrúar og 15. maí.



Skóladagurinn og skipulag

Skólastarfi í vetur hófst kl. 08:30 og lauk kennslu á sama tíma hjá öllum börnum kl. 14:30. Skólinn var eftir sem áður opnaður kl. 8:00 alla morgna. Börnum stóð til boða að frá morgunverð í skólanum frá því að skólinn opnaði og fram að skólabyrjun.

Dagskrá og tímaskipulag

Dagskrá og tímaskipulag	
08:00	Vífilsskóli opnaður – morgunstund
08:00	Fyrsti skólabíllinn frá Ásum
08:30	Kennsla hefst/hópatími/kennsla
10:15	Ávaxtahressing og valfundur/val
10:45	Hópatími/kennsla
12:00	Hádegisverður og næðisstund
12:20	Val
12:50	Hópatími/kennsla
14:30	Skóla lýkur
14:40	Skólabíll frá Vífilsskóla

Nemendur

Við lok skólaársins 2014-2015 voru 71 börn skráð í nám við Vífilsskóla. Í hverjum árgangi eru tveir kjarnar og einn stúlkna kjarni og einn drengja kjarni. Í vetur voru því 6 kjarnar í skólanum. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kjarnana, fjölda barna á hverjum kjarna og nöfn umsjónarkennara.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda drengja, stúlkna og kjarnastarfsfólks

Aldur	♀	♂	Alls	Umsjónarkennari
10 ára	18	5	23	Tinna Guðrún Barkardóttir Sigríður Heiða Guðmundsdóttir
11 ára	16	13	29	Margrét G. Thoroddsen Una Guðrún Einarsdóttir
12 ára	8	11	19	Erla Jónsdóttir Drífa Lind Harðardóttir
Samtals	42	29	71	

Fjöldatölur miða við búsetu

Eins og fram kemur hér að ofan voru á vordögum 71 barn í nám við skólann. Þar af voru 62 með lögheimili í Garðabæ, 12 með lögheimili í öðrum sveitarfélögum. Þar af var 1 með lögheimili í Kópavogi og 11 með lögheimili í Hafnarfirði. Hér fyrir neðan má sjá nánari niðurröðun eftir kyni barna.

	Samtals	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur
10 ára stúlkur	18	18		
10 ára drengir	5	5		
11 ára stúlkur	16	8	8	
11 ára drengir	13	9	3	1
12 ára stúlkur	8			
12 ára drengir	11			



Starfsfólk og starfsmannamál

Við skólann störfuðu 12 grunnskólakennarar og 1 starfandi kennari með aðra menntun en grunnskólamenntun. Tveir af grunnskólakennurunum sinntu einvörðungu sérkennslu í sinni fjölbreyttu mynd ýmist með einstaklingsþjálfun eða stuðning inn í hóp. Annar eingöngu listgreinakennslu, einn eingöngu enskukennslu. Grunnskólakennari sinnti eingöngu íþróttakennslu og sundkennslu en þann kennara leystu af einn íþróttakennari og einn sundkennari þegar hann fór í fæðingarorlof. Sálfræðingur starfaði við skólann einn fastan dag á viku. Tveir stuðningsfulltrúar starfa við skólann þennan vetur og tveir aðrir stoðþjónustuaðilar skólans sáu um eldhúsið. Hér fyrir neðan má sjá nöfn og starfsvið starfsfólk eins og staðan var í vor.

Anna Margrét Einardóttir	íþrótta- og sundkennari – var í fæðingarorlofi okt-maí
Berglind Brynjólfsdóttir	sálfræðingur
Björg Jónsdóttir	enskukennari
Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir	fagstýra fram að áðamótum/skólastýra eftir áramót
Daðey Albertsdóttir	stuðningsfulltrúi
Drífa Lind Harðardóttir	umsjónakennari
Einar Ómarsson	umsjónakennari fyrir áramót/ umsjónarmaður yfir spjaldtölvumálum eftir ármót
Erla Jónsdóttir	umsjónakennari
Gunnar Már Guðmundsson	sundkennari okt- maí
Kristín Sunna Sigurðardóttir	list- og verkgreinakennari
Margrét G Thoroddsen	umsjónakennari
María Kristín Gröndal	íþróttir
Róbert Örn Óskarsson	stuðningsfulltrúi
Sigríður Heiða Guðmundsdóttir	umsjónakennari
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir	sérkennsla
Sigurjón Ívarsson	kokkur
Soffía Júlía Svavarsdóttir	skólafreyja
Sturla Þorsteinsson	sérkennsla
Sveinn Hólmar Guðmundsson	ensku- og dönsku kennari
Tinna Guðrún Barkardóttir	umsjónakennari
Una Guðrún Einarsdóttir	umsjónakennari

Almennt

Starfstími nemenda í grunnskólanum skólaárið 2014-2014 var frá 25. ágúst 2014 til og með 10. júní 2015 að höfðu samráði við skólaráð Vífilsskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar og skólanefnd Garðabæjar. Kennsludagar voru 180 samkvæmt skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr laga um grunnskóla 2008 um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskólanum á miðstigi er að lágmarki 1400 mínútur á viku eða um 280 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 35 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 5.-7. bekk í 28. gr laga um grunnskóla 2008. Vikulegur kennslutími 10 til 12 ára barna voru 1400 stundir.

Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgir að öllu leyti aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla 2008. Jafnframt var starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan var lögð á samvinnu við heimilin, þar sem starfshættir mótuðust af „umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Námshópar báru heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar voru starfandi allan hluta skólatímans en að auki voru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og virðingu kynjanna í garð hvors annars.

Börnum var boðið upp á málsverði á skólatíma, auk hádegisverðar var framreidd morgunhressing um miðjan morgun. Vífilsskóli nýtur þjónustu frá Barnaskólanum hvað varðar heita máltíð í hádeginu. Í Barnaskólanum er fullbúið mótuneytiseldhúsi og er stýrt af matreiðslumeistara. Eldhúsið hefur öll starfsleyfi tilskilinna aðila.

Skólaheilsugæsla var fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga 2008 og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingur sinnti forvarnavinnu með nemendum og kom vikulega í hús. Mikil og góð samvinna er við Heilsugæsluna og skólahjúkrunarfræðing sem auðgar mjög kennslu kjarnanna.

Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga 2008 var með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum leik- og barnaskólum Hjallastefnunnar og fjallað er um í námskrá skólans.

Þar er metið með kerfisbundnum hætti bæði árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þriðja árið í röð tóku 11 og 12 ára gömul börn þátt í skólapulskönnun. Niðurstöður þeirrar könnunar eru afar gagnlegar fyrir skólastarfið í heild sinni og stór þáttur í umbótaáætlun skólans sem og sjálfsmati. Að auki sinnir Garðabær eftirliti með skólastarfi, sbr. 5. og 6. gr. sömu laga. Ýmsar skimanir eru lagðar fyrir sbr. Stærðfræðilykillinn og Logos hjá 11 ára börnum, regluleg raddlestrarprófun sem og lesskilningsprófun í öllum árgöngum, sem og aðrar kannanir; barna, foreldra og starfsmannakannanir. Þetta skólaár þreyttu nemendur á 12 ára kjörnum samræmd próf eins og lög gera ráð fyrir og var árangur barna á samræmdum könnunarprófum með ágætum þ.e. yfir landsmeðaltali í báðum greinum.

Skólafreyja skólans er Soffía Júlía Svavarsdóttir og sér hún um almennan húsrekstur í Vífilsskóla og Sigurjón Ívarsson kokkur. Á skólaárinu sá hreingerningarfyrirtækið Sólaræsting um þrif á skólahúsnæðinu.



Um stjórnun og starfsfólk

Stjórnandi skólans er Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir en hún tók við af Söru Dögg Svanhildardóttur janúar 2015. Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar og Vífilsskóla er sú sama og fer með æðsta vald í málefnum skólans samkvæmt skipulagsskrá. Skólastjóri bar ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hann var einnig fulltrúi skólans í öllum málum er vörðuðu venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðrum starfsmönnum.

Vífilsskóli uppfyllti kröfur 8. 9. og 10. gr. grunnskólalaga 2008 um foreldrafélag og skólaráð og er afar góð samvinna á milli skólasamfélagsins og foreldrafélagsins.

Skólahúsnaði

Skólinn er staðsettur í einni af þremur byggingum á Vífilstöðum. Í vetur var þriðja starfsár skólans þar sem allir árgangar miðstigs 10, 11 og 12 ára gömul börn stunda nám við skólann. Í anddyri skólans er móttökueldhús og í miðrymi er hol fyrir börn og kennara til þess að eiga næðisstund. Einnig er þar fjölnota salur, þar er t.a.m. kennd tónlist, jóga, Biophilia verkefnið og haldið fjöstudagsfjör.

Sundkennsla fór fram í kennslulauginni á Álftanesi og íþróttakennsla fór fram innan húss í sal í Ásgarði.

Kennsluhættir og starfið

Þróun fagstarf skólans er umfangsmikið enda um nýjan skóla að ræða. Skóla sem er að stíga sín fyrstu skref í mótun starfsins og frumraun í skólahaldi Hjallastefnunnar á miðstigi. Að mörgu er að hyggja við samþættingu almennrar kennslu 10-12 ára barna og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Spennandi frumkvöðlaverkefni sem nýtt stef í skólastarfi á Íslandi. Spjaldtölvur eru mjög áberandi í skólastarfinu og er notast við þær í öllum fögum. Spjaldtölvur voru afar góð viðbót inn í skólastarf Vífilsskóla og styður við þá stefnu að vera án bókamiðunar og stýringar. Kennarar stýra kennslu og setja alla kennslu fram með fjölbreytilegum aðferðum sem reyna fyrst og fremst á getu hvers nemenda fyrir sig. Opin verkefni þar sem ólíkir einstaklingar geta notið sín á eigin foresendum á mismunandi þyngdarstigi. Vífilstaðir búa yfir mikilli náttúrufergurð og sögu sem við nýtum til þess að flétta inn í skólastarfið á fjölbreyttan máta og eykur á gildi útikennslunnar. Í vetur var unnið enn frekar að þróun kennsluhátta í íslensku við samstarfi við Háskólann á Akureyri í Læsi til náms. Þessi verkefni munu halda áfram að vaxa innan skólans á næstu misserum.

Námskeiðsdagar

Á námskeiðsdaga kennara í ágúst komu:

Margrét Pála Ólafsdóttir eigandi Hjallastefnunnar. Margrét Pála fjallaði um Kynjanámsskrá og Meginreglur Hjallastefnunnar.

Svandís Anna kynjafræðingur Hjallastefnunnar kom og hélt erindi og brýndi á jafnrétti og staðalímyndir kynjanna. Svandís Anna var til staðar fyrir kennara allt skólaárið og kom með góðar ábendingar og verkefni tengt jafnrétti.

Til að auka enn frekar á lestarakennslu var Leið til læsis kynnt og haldið stutt námskeið.

Leiðsagnarmat

Innleiðing leiðsagnarmats hélt áfram sem matsaðferð og fóru kennarar enn betur í það en frá fyrra ári og fengu nemendur vitnisburð í samræmið við það að vori þar sem grunnþættir Aðalnámsskrár og Kynjanámsskrá Hjallastefnunnar voru samtvinnuð. Einnig voru fest í sessi lykilhæfni í öllum fögum ásamt hæfni á námsviðum út frá áherlsum í nýrri Aðalnámsskrá og gefnir bókstafirnir F (framúrskarandi), MG (mjög gott), G (gott), Y (yfirleitt í lagi), Þ (þarf að æfa).

Læsi til náms

Kennsluaðferðin Læsi til náms var tekin inn sem framhald af Orð af orði. Námskeið og eftirfylgni var í höndum Háskólans á Akureyri og fengu kennarar námskeið reglulega allt skólaárið, þar sem sérfræðingur heimsótti kennarahópinn með námskeiðshaldi. Fengin var umsjónarmanneskja innan kennarahópsins til að halda utan um verkefnið innan skólans. Drífa Lind Harðardóttir hélt utan um og var tengiliður sérfræðingsins frá Háskólanum á Akureyri

Spjaldtölvur

Spjaldtölvunotkun var áfram hluti af þróunarstarfi skólans. Fenginn var umsjónarmanneskja með notkun spjaldtölva í kennslu. Einar Ómarsson hélt utan um þá vinnu. Haldnir voru reglulegir spjaldtölvufundir alla haustönnina til samræmingar á notkun tækisins, framþróunarmöguleikum og smáforritanotkun.

Stærðfræði

Heildarskipulag stærðfræðikennslu og kennsluáætlaða, með tímaramma fyrir hvert viðfangsefni var unnið af Sigríði Jónu Gunnarsdóttur fyrir alla árganga skólans. Sigríður Jóna hélt hagnýtt námskeið í janúar um kennsluhætti og þemaverkefni í stærðfræði þar sem kennarar voru á vinnustöðvum eftir árgöngum.

Val

Inntak val tímans var tekinn til endurskoðunar og markvissari námsþættir skipulagðir inn í valið. Þeir námsþættir og umsjón er skilgreind hér að neðan

Tónlistarval var fest í sessi þar sem Margrét G. Thoroddsen var falin umsjón með skipulagi tónlistarvals með vinnu á spjaldtölvur, ásamt því að halda utan um föstudagsfjör sem er fastur dagsskrárliður í skólastarfi alla föstudaga, þar sem allur skólinn syngur saman og stígur á stökk eftir föngum.

Boðið var upp á dansval, þar sem Margrét G. Thoroddsen stýrði.

Boðið var upp á litstgreinaval þar sem nýttur var fjölbreyttur efniviður og börn fengu tækifæri til þess að efla sköpunargáfu sína, þar sem Kristín Sunna Sigurðardóttir var falin umsjón.

Auk þess var útisvæði eflt með því að hafa stýrða útleiki fyrir börnin, Einar Ómarsson stýrði því.

Kynjamál

Kynjamál og útfærsla á verkefnum kynjanámsskrár var sett í fastari skorður. Svandís Anna kynjafræðingur var falin umsjón um að deila hugmyndun og halda reglulega fundi með tengiliðum skólanna sem voru Margrét G. Thoroddsen og Sveinn Guðmundsson.

Sérkennsla

Sigríður Jóna Gunnarsdóttir sá um yfirumsjón með sérkennslumálum, þar sem hún sinnti allri aðkomu foreldra og kennara að sérþarfamálum barna, leiðir teymisfundi ásamt því að sinna faglegri leiðbeiningu beint til kennara varðandi sérþarfir barna, ásamt leiðbeiningu í kennsluháttum í stærðfræðikennslu.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir voru stór þáttur í kennslustarfinu og var farið í ýmsar bæjarferðir til nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar. Þá voru ólík söfn skoðuð.

Bókasafn Garðabæjar var mikið heimsótt og má segja að það safn sé okkar bókasafn. Þar fengum við einstaklega notalegt viðmót starfsfólksins og börnin eru mjög dugleg að sækja safnið utan skólatíma með fjölskyldum sínum.

Kynjanámskrá

Aðaleinkenni skólans, kynjauppeldið var í hávegum haft og blandað saman við aðra kennslu. Æfingar í aga, sjálfstæði og samskiptum voru viðfangsefni kynjanámskrár á haustönn og unnu börn ýmis verkefni tengd þessum þáttum. Jákvæðni, vinátta og áræðni voru megin stef vorannar og æft með fjölbreytilegum hætti.

Gestakennarar

Þetta skólaár fengum við tónlistakennarana Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur og Þórdísi Heiðu Kristjánsdóttir. Þær kenndu markvissa tónlistarkennslu í lotu fyrir öll börn skólans þar sem lögð áhersla var á taktvísi, tónlistarsögu, sköpun og spuna.

Einnig fengum við til okkar listamanninn Curver Thoroddsen, í samvinnu við hann vann Vífilsskóli að afar spennandi verkefni sem heitir Biophilia og er eftir Björk Guðmundsdóttur. Björk þróaði þetta

verkefni í samvinnu við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Curver var með frábærar lista- og vísindasmiðjur tengdar Biophiliu Bjarkar. Björk samdi Biophiliu sem fyrstu gagnvirku geislaþlötuna fyrir spjaldtölvur og eru öll lögin tengd einhverju viðfangsefni úr náttúruvísindum, stjörnufræði, líf-, eðlis- eða efnafræði. Börnin læra um DNA, flekaskil, eldingar og rafmagn, sólstöður, árstíðir og tunglið. Tónlistarkennslan er tengd viðfangsefnunum á einn eða annan hátt. Meðal þess sem börnin læra um eru tónfræðilegir hlutir eins og brotnir hljómar, jafnvægi í tónlist, endurtekningar og lagasmíðar. Margrét kjarnakennari mun halda áfram með verkefnið fyrir hönd skólans.

Hrafn Jökulsson skákmeistari kom til okkar í Vífilsskóla í eina viku og kenndi öllum kjörnum grunnþætti skáks og mannganginn. Í lok vikunnar er haldið fjöltefli inn á sal þar sem Hrafn teflir við öll börn skólans.

Félagsmiðstöð

Skólinn hefur verið með tilraunastarfsemi og verið með félagsmiðstöð einu sinni í viku fyrir öll börn Vífilsskóla. Þar fengu börnin tækifæri til þess að hittast utan skólatíma frá klukkan 16:00-17:30 í fjölbreytt verkefni. Mánaðarlega var haldinn nemendaráðsfundur þar sem að börnin fengu að ákveða í samráði við kennara hvað yrði gert í félagsmiðstöðinni.

Foreldrasamstarf

Í Vífilsskóla miðstigsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ er mjög öflugt foreldrasamstarf og í foreldrafélagi skólans eru kraftmiklir einstaklingar sem eru virkir í samstarfi við skólann.

Foreldrafélagið fer fyrir ýmsum verkefnum í skólanum og býður börnunum upp á skemmtilegar uppákomur og upplifanir.

Desember var annasamur mánuður og þá sá foreldrafélagið um skreytingar á skólahúsinu sem allir gátu notið. Það fer einnig fyrir árlegum árlega jólabasar og bauð foreldrafélagið börnum og fullorðnum upp á kakó og vöflur og börnin seldu m.a. jólakort eftir öll börnin í skólanum sem smákökur sem þau höfðu bakað í skólanum. Allur ágóði rann í sameiginlegan vorferðasjóð barnanna.

Hefð hefur skapast fyrir því að börnin okkar fara í menningarferð fyrir jólin og býður foreldrafélagið upp á rútuferð og hádegssíverð í þessum ferðum.

Á jólasöngfundinum er tónlist í hávegum höfð og var hún bæði í boðið foreldrafélagsins og skólans. Hreingerningardagur er haldinn í maí byrjun. Þá var haldið áfram að safna í vorferðasjóð.

Börn og kennarar fóru eins og hreinsistormsveipur um landið í kringum skólann og gengu vasklega til verks og fengu að launum veglegan styrk frá Garðabæ. Einnig hélt foreldrafélagið sumarbingó, það var haldið í Sjálandsskóla þar sem aðsóknin er mikil og mikið fjör. Þar eru veglegir vinningar í boði einnig eru seldar flatbökur og drykkir.

Foreldrafélagið fer einnig fyrir árlegum vorferðum barnanna en þá fara kennarar með börnunum í tveggja nátta ferð víðsvegar um landið. Búið var að skipuleggja metnaðarfullarferðir, börnin búin að

fræðast um staðhætti. Þetta vorið fóru 10 ára börn á Skóga, 11 árabörn í Reykhólasveitina og 12 ára börn á Reyki í Hrútafirði. Vert er að geta þess að kennarar og starfsfólk gefa alla vinnu umfram dagvinnu í þessum ferðum. Allar ferðirnar tókust með eindæmum vel og voru það stolt börn sem komu heim að skemmtilegum ævintýrum loknum.

Vorhátíð foreldrafélagsins var svo haldin í maí. Vorhátíðin er heljarinnar uppákoma og þá var boðið upp á hesta, hoppukastala, sirkusatriði, pylsur og drykki. Vorhátíðin tókst með eindæmum vel og mikil gleði ríkti á torfunni okkar og veðrið lék við okkur.

Að leiðarlokum

Skólaárið 2014 til 2015 var gróskumikið þróunarár í Vífilsskóla enda skólinn ungur þar sem fimmta starfsári miðstigs var að renna sitt skeið og þriðja árið þar sem einingin er sjálfstæð. Starfsmannahópurinn þéttist og markvisst fór hópurinn að stíga betur og betur í takt í átt að markmiði skólans, sem er að skapa metnaðarfullt jafnréttisstarf Hjallastefnuskóla með sterku fagstarfi. Árangur barna í námi var til fyrirmyndar og niðurstöður sjálfsmats hvort heldur sem um ræddi foreldrakönnun eða starfsmannakönnun voru einkar góðar. Í þriðja skipti eins og fram kemur hér að framan tóku börn þátt í könnun á vegum Skólapúlsins og eru niðurstöður þeirrar könnunar áfram gott veganesti inn í nýtt starfsár. Mikil gróska er í öllu starfi skólans og lítum við með gleði og tilhlökkun til framtíðar.

Garðabær, júní 2015

Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir

Skólastýra Vífilsskóla